

76 Fyrirmynd.**Reglugerð**

fyrir barnaskólann

I. Um tilgang skólans.

1. gr.

Það er tilgangur skólans að veita nemendunum sem staðbesta þekkingu í þeim fræðigreinum, sem lögboðið er að kenna börnum til 14. árs, og að hafa heillavænleg áhrif á hugsunarhátt þeirra og siðferði.

II. Um inntöku nemanda í skólann.

2. gr.

I skólann er veitt inntaka 10 ára börnum í skólahjæraði, enda fullnægi þau þeim mentunarkröfum, sem lög um fræðslu barna (22. nóv. 1907) gera til barna á þeim aldri, og hafi engan næman sjúkdóm, er geti orðið öðrum börnum að meini.

Ef húsrúm og önnur skilyrði eru fyrir hendi, má og veita yngri börnum aðgang að skólanum, svo og börnum, sem heimili eiga utan skólahjæraðsins, ef skólanefnd þykir sjerstök ástæða til.

Umsóknir um skóla skulu stilaðar til skólanefndar og vera komnar til hennar fyrir

III. Um kenslutíma og leyfi.

3. gr.

Skólinn byrjar og endar á ári hverju. Skulu öll börn, sem skólann eiga að sækja, koma þegar kensla byrjar, eða í skólaársbyrjun, og vera út allan kenslutímann. Undantekningar frá því geta þó átt sjer stað, þegar sjerstaklega stendur á, og eftir samkomulagi skólanefndar við kennara.

4. gr.

Kenslan byrjar á degi hverjum kl. og stendur til kl. eða alls

. stundir á dag. Hver kenslustund er 50 mínútur, en 10 mínútna hlje milli kenslustunda. **76**

5. gr.

Leyfi skulu vera þessi: 1. Jólaleyfi, frá Þorláksmessu til 2. jan. að báðum dögum meðtöldum, 2. Páskaleyfi, frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum, 3. Sumardagurinn fyrsti.

IV. Um kennara skólans.

6 gr.

Kennari (ar) skólans er ráðinn (eru ráðnir) af skólanefnd, svo og stunda-kennarar, ef þörf er á. Aðalkennari ber ábyrgð á störfum skólans og hefir aðal-umsjón og eftirlit með skólanum og öllu, sem honum tilheyrir. Hann skal halda kensluáhöldum skólans í röð og reglu, og skrifa í lögskipaðar bækur skólans, eins og krafist verður.

V. Nemendur skólans.

7. gr.

Börn þau, sem í skólann ganga, skulu jafnt í kenslustundum sem utan kenslustunda hegða sjer siðsamlega og sýna kennurum virðing og hlýðni.

8. gr.

Börn skulu koma í skólann á ákveðnum tíma; þau skulu hafa með sjer bækur og annað, sem við þarf, eftir fyrir mælum kennarans; verði misbrestur á þessu, og sje efnaleysi um að kenna, skal börnum lagt til af skólasjóði bækur, ritföng og það annað, er kenslan krefur.

9. gr.

Börn, er sýkjast af einhverjum næmum sjúkdómum, mega ekki sækja skólann, fyr en þau eru læknuð að fullu.

10. gr.

Geri barn sig sekt í ósæmilegu athæfi, eða brjóti bág við settar reglur og fyrirskipanir skólans, og láti ekki skipast við áminningar og fortölur kennara, getur hann vísað því burt úr skólanum um stundarsakir, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru til.

VI. Um próf.

11. gr.

Ganga skulu þau börn, er kenslu hafa notið i skólanum undir hið opinbera próf i skólahjeraðinu, eins þau, sem yngri eru en 10 ára. Prófið fer fram eftir reglum, er yfirstjórn fræðslumála setur.

VII. Um skóladagbækur, skýrslur og skirteini.

12. gr.

I skólanum skulu vera þessar bækur og skal aðalkennari sjá um, að reglulega sje i þær ritað: 1. prófbók, 2. dagbók og 3. brjefabók.

13. gr.

Skýrslur þær og skirteini, sem yfirstjórn fræðslumála heimtar um próf, fjárhag skólans, hús, kensluáhöld og hvað annað, er að skólahaldinu lýtur, semur skólanefndin, og afgreiðir til yfirstjórnarinnar.

VIII. Um námsgreinar og stundatöflu.

14. gr.

Þessar námsgreinar skal kenna i skólanum:

1. Íslensku (lestur, skrift, rjettritun), 2. kristinfræði, 3. reikning, 4. sögu, 5. landafræði, 6. náttúrufræði, 7. söng, (8. leikfimi og 9. handavinnu).

15. gr.

Stundatöflu skal aðalkennari semja á hverju ári og leggja undir samþykki skólanefndar og skal tímanum skift milli námsgreinanna á þessa leið, (þó þannig að færa megi til stundir milli námsgreina eftir því, i hve margar deildir skólanum er skift, og eftir aldri barna):

Íslenska	8	standir á viku
Kristin fræði	2	— - —
Reikningur	5	— - —
Saga	2	— - —
Landafræði	3	— - —
Náttúrufræði	4	— - —
Flyt	24	standir á viku

Fluttar	24	stundir	á	viku.
Söngur	2	—	-	—
(Handavinna	2	—	-	—
Leikfimi	2	—	-	—)

76

Samtals 30 kenslustundir á viku.

Ath.: Fleiri kenslugreinir má kenna, ef skólanefnd þykir þörf, og bæta þá við kenslustundum, þó ekki fleiri en svo, að hvert barn hafi í mesta lagi 6 stundir á dag.

Erindisbrjef

77

11. júlí

fyrir skólanefndir.

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 59, 22. nóvbr. 1907, um fræðslu barna, eru sett eftirrituð ákvæði um skyldur skólanefnda.

1. gr.

Skólanefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í sínu skólahjæraði undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins. Hún semur reglugerð fyrir barnaskóla hjæraðsins, og sjer um að hún öðlist samþykki yfirstjórnar fræðslumála.

2. gr.

Skólanefnd ræður kennara skólans og sjer um að þeir geri skyldu sína; hún skal láta sjer ant um að ráða góða og vel hæfa menn, og skulu þeir, sem staðist hafa kennarapróf, jafnaðarlega vera látnir ganga fyrir öðrum.

3. gr.

Í lok hvers skólaárs skal skólanefnd auglýsa, á hverjum tíma beiðnir um undanþágu frá skólaskyldu eigi að vera til sín komnar. Undanþáguna veitir hún því aðeins, að fræðsla sú, er barnið fær utanskóla, verði jafngild þeirri fræðslu, er skólinn veitir.

Hún skal sjá um að öll þau börn á skólaskylduáldri, sem ekki hafa fengið undanþágu frá skólagöngu, sækji skóla hjæraðsins. En vanræki foreldrar, eða þeir aðrir, sem börn hafa til framfærslu, að senda þau í skólann hinn lögskipaða tíma, án þess að undanþága hafi verið veitt, skal skólanefndin kæra brotið til sekta fyrir lögreglustjóra, og sjer um greiðslu sektafjárins til sveitarsjóðs.

4. gr.

Skólanefndin skipar fyrir um próf barna í sínu skólahjæraði í samráði við prófdómanda þann, sem skipaður er af yfirstjórn fræðslumála, hún kærir til sekta þá, sem án gildra forfalla vanrækja að senda börn sín til prófs.